



Fundargerð

43. fundur sjálfbærnisráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
13. september 2023, kl. 08:15

Viðstaddir: Íris Ósk Ólafsdóttir formaður, Aneta Grabowska, Guðni Ívar Guðmundsson, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Translating the EU Green Deal into Local Action - ráðstefna í Brussel 15. mars 2024 (2023090350)

Sjálfbærnisráð telur mikilvægt að bæjarstjóri sækir ráðstefnuna þar sem um mikilvægt málefni er að ræða. Jafnframt óskar sjálfbærnisráð eftir kynningu á þeim erindum og upplýsingum sem fram koma á ráðstefnunni að henni lokinni og hvernig Reykjaneshæ getur nýtt sér þessa þekkingu og upplýsingar.

2. Fjárhagsáætlun (2023080020)

Hingað til hefur ekkert fjármagn verið sett í sjálfbærnimál. Verkefni næsta árs er að hefja vinnu við íbúalýðræðisstefnu og stefnu varðandi áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á svæðið og aðgerðaáætlanir í málaflokkunum. Sjálfbærnisráð mun vinna að greiningu á þörf á fjármagni til þessara verkefna.

3. Sjálfbærnisráð - vinna næstu tvö ár (2022080084)

Sjálfbærnisráð mun taka sér stöðu sem hreyfiafl í stjórnsýslu Reykjaneshæjar. Ráðið hefur skipt upp ábyrgðaraðilum fyrir öll ráð sveitarfélagsins sem munu tengja sig inn í mikilvæg málefni viðkomandi ráðs, draga saman helstu atriði og upplýsa sjálfbærnisráð eftir þörfum. Meðlimir ráðsins munu setja sig í samband við starfsmenn og formenn í kjölfar þessa fundar.

Skipting ráða er eftirfarandi:

- Bæjarráð - allir
- Bæjarstjórn - allir
- Neyðarstjórn - allir
- Atvinnu- og hafnarráð – Þórunn Jónsdóttir fulltrúi B-lista
- Íþróttu- og tómstundaráð – Guðni Ívar Guðmundsson fulltrúi D-lista
- Lýðheilsuráð – Íris Ósk Ólafsdóttir fulltrúi S-lista
- Menningar- og þjónusturáð – Þórunn Jónsdóttir fulltrúi B-lista
- Menntaráð – Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir fulltrúi S-lista

- Ungmennaráð - Guðni Ívar Guðmundsson fulltrúi D-lista
- Umhverfis- og skipulagsráð - Aneta Grabowska - fulltrúi B-lista
- Velferðarráð – Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir fulltrúi S-lista
- Öldungaráð - Íris Ósk Ólafsdóttir fulltrúi S-lista

4. Íbúalýðræðisstefna Reykjanesbæjar (2023030124)

Sjálfbærniaráð mun meta kostnað við gerð stefnunnar og leggja fram beiðni um fjármagn í gerð hennar og innleiðingu.

5. Regluleg stöðugjöf frá sviðsstjórum (2023090351)

Sjálfbærniaráð mun óska eftir reglulegri stöðugjöf frá sviðsstjórum og upplýsingum um hvernig sviðin eru að vinna að sjálfbærni.

6. Þróun mælaborðs (2023090352)

Sjálfbærniaráð mun funda með sviðsstjórum, meta mælaborð sviða og leggja fram tillögur að mælikvörðum út frá sjálfbærnisjónarmiði. Jafnframt mun ráðið skoða núverandi stefnur Reykjanesbæjar og kortleggja stöðuna á innleiðingu þeirra og hvernig mæla má framgang aðgerða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:02.